

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS - AKUREYRI  
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)  
P.O. BOX 180 - IS-602 AKUREYRI - ICELAND

**VEGAGERÐ UM BREKKNAHEIDI - EFNISLEIT**

**GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐARINNAR, AKUREYRI**

**Halldór G. Pétursson  
jarðfræðingur**

**Akureyri, september 1996**

Í ágústmánuði síðast liðnum kannaði ég svæðið meðfram þjóðveginum um Brekknaheiði í þeirri von að þar leyndust efnistökusvæði sem nýta mætti við endurbyggingu vegarins um heiðina. Niðurstaða af könnuninni er sú að hentug byggingarefni í því magni, sem þarf til endurbyggings vegarins finnast vart á heiðinni. Þeirra þarf að leita út fyrir svæðið annað hvort í Þistilfjörð eða Gunnólfsvík. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að gera grein fyrir helstu könnunarstöðunum, ef þar mætti ná einhverju efnismagni þegar ráðist verður í vegagerð um heiðina (mynd 1).

Jökulruðningur á Brekknaheiði er víðast þunnur, nánast skæni með grettistökum. Skýringin er sennlega sú að jöklar þeir sem skriðu um heiðina áttu sér uppruna í fjallgarðinum á austanverðu nesinu, Gunnólfsvíkurfjalli og fjöllunum þar norður af. Ekkert bendir til að jöklar úr Þistilfirði hafi t.d. gengið uppá heiðina að vestanverðu, en talsvert var leitað að hugsanlegum ummerkjum um þetta. Á nokkrum stöðum er jökulruðningurinn þykkari en annars staðar á heiðinni og eru þeir staðir merktir með (X) á mynd 1. Efnismagn á öllum þessum stöðum er þó varla meira en tugir eða hundruð rúmmetra.

Þessir staðir eru: 1) í blautum og breiðum mýrarflóa neðan við klappaholt þau, sem nefnd eru Botnar á korti. Þar getur leynst eithvað af jökulruðningi, en óvist er hvort vinnsla borgar sig vegna þess hve mýrin er blaut. 2) í jaðri svonefnds Vatnadals og 3) við afleggjarann að Gunnólfsvíkurfjalli. Á báðum stöðum er um lítið efnismagn að ræða.


Aðrir staðir þar sem kannaðir voru með tilliti til efnisvinnslu eru:

(A) Klapparholtin Hraunkotsurðir, en þau eru gerð úr sterklegu og fersku basalti. Tilraun hefur verið gerð til efnisnáms alveg við veginn, sennilega vegna hafnarframkvæmda, en til þess hentar þetta hraunlag ekki. Það er bæði of þunnt (2 m) og að auki straumflögótt, þannig að það klofnar upp í þunnar hellur. Hugsanlega er það nothæft til vegagerðar, mögulegt er að brjóta það upp með sprengingum og rífa enn frekar upp með stórrri jarðýtu með ripper. Lagið er nokkuð útbreitt þarna á háheiðinni, en hugsanlega er það í þynnsta lagi. Nánari könnun með borunum verður að koma til áður en efnistaka er ákveðin.

(B) Jökulgarðar í Vatnadal. Þarna er um þrjá, nokkuð efnismikla jökulgarða, sem skjóta kryppunni upp úr mjög blautum mýrum og flóum. Gryfja er í miðgarðinn og þar sést að efnið er harður, sandríkur jökulruðningur. Efnistaka á þessum stað er erfið, garðarnir eru ekki breiðir og efnið því vart unnið nema með gröfu og því með miklum kostnaði. Fyllstu varúðar verður einnig að gæta því grunnvatnsstaðan í mýrunum er há og vatn úr þeim gæti flætt inn í gryfjurnar. Þetta svæði er sérstætt og hefur hátt náttúruverndargildi. Auk þess halda nyrsti og syðsti garðurinn uppi víðáttumiklum mýrum og er hætta á að þær ræsist fram með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, ef garðarnir eru rofnir. Mér finnst því efnistaka á þessum stað ekki vænleg.

(C) Kubbaberg í Gunnólfsvíkurþjalli. Efri hluti Gunnólfsvíkurþjalls (ofan við 200 m) er gerður úr kubbabergi, sem mjög hentugt byggingarefni. Á móti efnistöku mælir að um 3-4 km eru að fjallinu og er þar um einkaveg að fara. Öll námuvinnsla yrði mjög áberandi, auk þess er vatnsból Þórshafnar í Bjarnadal neðan við fjallið og er fjallið vatnsverndarsvæði. Nálægð við ratsjárstöðina á fjallinu getur einnig gert efnistöku viðkvæma.

(D) Setmyndanir í Gunnólfsvík. Gunnólfsvík er kjaftfull af seti frá ísaaldarlokum og mest áberandi eru miklir og grófgerðir malarkambar myndaðir við hærri sjávarstöðu. Auk þess finnst jökulruðningur innst í víkinni, næst klettahlíðunum. Kanna þyrfti nánar setmyndanir í víkinni en hér er auk þess komið í annað umdæmi Vegagerðarinnar.



**Mynd 1** Hugsanleg efnistökusvæði á Brekknaheiði.  
Könnunarstaðir merktir með bókstöfum, en jökulruðningur  
er merktur með X.